

# Jólafundur

Fundargerð 27. desember 2024

Mættir voru 39 félagsmenn í sal og 4 á fjarfundi.

Formaður Árni Sverrisson setti fundinn kl 14.00 og lagði til að hann sjálfur yrði fundarstjóri og Páll Ægir Pétursson fundarritari. Það var samþykkt samhljóða.

**Liður 1.** Formaður fór yfir starfsemi félagsins á árinu og kom víða við. Hann sagði að frá undirritun kjarasamnings fiskimanna í febrúar á síðasta ári sem er til 10 ára hafi kjarasamningslota staðið yfir samfellt, því aðrir kjarasamningar sem undirritaðir voru árið 2023 voru skammtímasamningar. Við höfum á þessu ári undirritað kjarasamninga til fjórra ára fyrir farmenn, félagsmenn okkar hjá Faxaflóahöfnum og í fiskeldi. Auk þess komið að samningum fyrir ferjur ofl. Kjarasamningsviðræður standa yfir við ríkið vegna skipstjórnarmanna hjá Landhelgisgæslunni og Hafrannsóknarstofnun og einnig við Samband íslenskra sveitarfélaga. Lögð verður áhersla á að spýta í lófana og klára þá samninga sem fyrst. Samningafundur verður haldinn í byrjun janúar við Samband íslenskra sveitarfélaga fyrir hafnsögumenn og skipstjóra sambandsins.

Formaður sagði frá nýrri stjórn félagsins og nöfnum stjórnarmanna og hvað væri á döfinni um þessar mundir. Hann sagði frá helstu verkefnum í þeim nefndum og ráðum sem við hjá félaginu sitjum í fyrir hönd félagsins, svo sem Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, Ráðgjafanefnd Hafró, Sjómannadagsráð, Samstarfsnefnd um bættu umgengni um auðlindir sjávar 30/30, Fagråd um siglingamál, aðkoma okkar að Þjóðaröryggisráði, nefnd um endurskoðun á aflareglu ufsa, Sjávarútvegsráðstefnan, fulltrúaráð Gildis ofl. Einnig sagði hann frá samstarfi félagsins við systurfélög okkar á norðurlöndunum í gegnum sameiginlegan félagsskap þeirra „Nordisk Navigatorkongress,, og aðild okkar að Fiskideild ITF alþjóða flutninga verkamanna sambandsins.

**Liður 2.** Næstur tók til máls Páll Ægir og sagði hann í stuttu máli frá fundi sem stjórn og starfsmenn félagsins átti nýlega með skólameistara Tækniskólans og skólastjóra Skipstjórnarskólans. Þar var starfsemi skólans kynnt og að til staði að námið myndi færast á háskólastig í náinni framtíð. Samningur um samstarf hafa verið gerður milli Tækniskólans og SIMAC, skipstjórnarskólans í Svendborg í Danmörku. Ytra er nám á þessu sviði alla jafna kennt á háskólastigi sem þá skilar nemendum bachelor gráðu og alþjóðlegum starfsréttindum til viðbótar. Við hjá FS höfum lagt áherslu á að námið í stýrimannaskóla framtíðarinnar standist allar alþjóðlegar kröfur og að nemendur verði jafn vel settir hvað varðar þekkingu eins og nemendur í öðrum sambærilegum skólum í Skandinavíu.

Páll Ægir fór yfir starfsemi siglingaráðs á árinu en vegna ýmissa ytri áhrifa í stjórnárum hefur ráðið ekki fundað síðan í vor þegar ráðherraskipti urðu í innviðarráðuneytinu.og nýr formaður siglingaráðs var ekki skipaður þegar nýr ráðherra tók við. Á síðasta fundi kynnti fulltrúi Samgöngustofu samskipti stofnunarinnar við SAF, fyrirtæki í ferðaþjónustu, varðandi m.a. lögskráningu skipverja og hvort sú skráning gæti gilt um fleiri en eitt skip á dag og í fleiri daga. Samtökin telja að mikilvægt sé að skipverjar í stuttum ferðum skipa sinna geti verið skráðir á fleiri en eitt skip sama daginn. Sambærileg sjónarmið hafa heyrst í tengslum við skipstjóra dráttarbáta sem eru að störfum innan hafna.

Svör Samgöngustofu voru á þann vega að slík skráning færi gegn meginmarkmiðum lögskráningar sjómanna sem er að vita hverjir og hve margir eru um borð í skipum og bátum hverju sinni. Auk þess byggir lögskráningarkefið á því að aðeins er einn skipstjóri á hverju skipi

sem ber ábyrgð á skipi og áhöfn og því er aðeins hægt að vera lögskráður í eina stöðu á einu skipi.

Páll Ægir sagði einnig í stuttu máli frá ráðstefnu þjóðaröryggisráðs um málefni hafsins og þjóðaröryggi sem til stendur að halda eftir ármót í Hörpu en ekki er búið að ákveða dagsetningu ennþá. Hann hefur verið fulltrúi félagsins í undirbúningi ráðstefnunnar ásamt fjölda annarra aðila frá hinum ýmsu stofnunum, s.s. Háskóla Íslands, Landhelgisgæslunni, Hafrannsóknarstofnun, utanríkis- umhverfis og dómsmálaráðuneytinu auk annarra stofnana. Það verða pallborðsumræður um auðlindir, umhverfi hafsins og þjóðaröryggi en ástand heimsmála hefur ekki verið eins víðsjávert í Evrópu frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar.

Til viðbótar við hina hefðbundnu hernaðarógn eru vaxandi áhyggjur af ógnum af hálfu óvinveittra ríkja eða hópa eins og dæmin sanna nýlega m.a. í Eystrasalti og víðar. Hér er um að ræða samhæfða og samstilltra margvíslegra aðgerða óvinveittra ríkja eða aðila tengdum ríkjum, sem beita ýmsum aðferðum, á skipulagðan hátt, til að nýta sér kerfislæga veikleika ríkja og/eða stofnana þeirra til að ná m.a. hernaðarlegum markmiðum sínum. Vegna legu landsins er Ísland sérstaklega viðkvæmt fyrir t.d. skemmdarverkum á neðansjárinnviðum sem beitt er í skjóli leyndar og erfitt getur reynst að draga gerendur til ábyrgðar. Auk þess er brýnt að ræða skráningu kaupskipa okkar sem öll eru með skráningu erlendis. Samkvæmt lögum um alþjóðlega skipaskrá hafa ríki heimild til að kalla heim þau skip sem eru á skrá hjá viðkomandi ríki. Það hefur þýðingu út frá þjóðaröryggishagmunum okkar að koma þessum upplýsingum til stjórnvalda og þrýsta á um að unnið verði að því að koma á íslenskri alþjóðlegri skipaskrá.

Nokkur umræða skapaðist um þjóðaröryggismál og alþjóðlega skipaskrá m.a. frá Hilmari Snorrasyni sem var á fjarfundi. Félagið mun halda áfram að vinna að skipaskránni með nýrri ríkisstjórn og öryggismálum sjómanna með nýjum samgönguráðherra.

Fundarstjóri opnaði fyrir spurningar úr sal:

Spurt var hvort rætt hafi verið innan félagsins um að kaupa sumarhús erlendis. Formaður svaraði því að það hefði ekki verið rætt. Menn væru ennþá minnugir þess að þetta var reynt hjá Öldunni á sínum tíma og gafst ekki vel.

Rætt var um ráðgjöf Hafró, formaður sagði frá því að í byrjun júní hvers árs kæmi Hafró með ráðgjöf sína um hámarks aflamagn úr hverri fisktegund, haldinn er opinn fundur hjá Hafró þar sem hver og einn getur tekið til máls og viðrað sínar hugmyndir. En ráðgjöfin stendur óhöggud. Árni sagði frá hugmynd sinn um að stofna hóp, nefnd eða ráð hagsmunaaðila þar sem sætu fulltrúar stjórnvalda (helst ráðherra sjálfur), skipstjórnarmanna, útgerðamanna, vísindamanna og ef til vill fleiri, þar sem ráðgjöfin væri rökrædd með tilliti til ýmissa þátta. Ástæða þessarar hugmynda er að undanfarið hafa ráðherrar sagt, að þeir fari eftir ráðgjöf Hafró, skilyrðislaust. Samanber til dæmis að tvö síðastliðin fiskveiðiár var gefin út núllkvóti í djúpkarfa með þeim afleiðingum að öllum djúpkarfa sem veiddist sem meðafli var landað sem VS afla, þannig að sjómenn fengu einungis 20% laun fyrir þann afla. Það vantar að dómi Árna verklag, hóp sérfróðra aðila til að rýna ráðgjöfina og samþykkja hana, eða koma með tillögur til ráðherra um breytingar, minnkun eða aukningu. Það er ekki skoðun formanns að breyta eigi breytinga vegna, heldur að gera gott betra. Félagið og fleiri lögðu eindregið að ráðherrum Svandísi Svavarsdóttur og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttur að gefa út kvóta í djúpkarfa, en það var árangurslaust. Bjarni Benediktsson Matvælaráðherra í starfsstjórn gaf út 3.800 tonna kvóta í djúpkarfa nú fyrir áramótin. Hann hlustaði á rök okkar og fleiri í málinu.

Spurt var hvort eftirlit væri með flutningabílum sem flytja fisk úr bátum við löndun. Er fylgst með því að þeir fari á viktina en skipstjórinn sagðist vita að brögð væru á því að einhverjir bílar færi með fisk framhá vikt. Skipstjóri skips er gerður ábyrgur fyrir því ef afli úr bátnum hans fer framhá viktinni. Hann fær sektina.

Fundarstjóri beindi þeirri spurningu til fundarmanna hvort hægt væri að koma á því kerfi að einhver úr áhöfn, eða aðili úr okkar stétt myndu fylgjast með því að allur afli fari á vikt eins og lög gera ráð fyrir.

Ný ríkisstjórn boðar 48 daga í strandveiði, hvað þýðir þetta er spurning úr sal. Fundarstjóri sagði að þetta gangi ekki upp, það þarf að auka mikið við kvótann ef leyfilegt aflamagn á dag verður óbreytt. Ég hef ekki séð hvernig útfærslan á þessu er hugsuð. Kannski er ætlunin að minnka magnið sem heimilt er að landa daglega, þetta er alls óvíst.

Spurt er um fiskverkun í verktöku, hvort heimilt sé að kaupa fisk og áframselja og vinna annarsstaðar. Eiganda skips er skylt skv. kjarasamningi að gera fiskverðssamning við áhöfn skipsins, Úrskurðarnefnd ákveður lágmarksverð. Eigandi skips fer með umboð áhafnar til að selja fiskinn á hæsta verði, áhöfnin á að fá greitt úr því fiskverði sem eigandi skipsins fær fyrir aflann. Spyrjandinn segir að fiskverðssamningar gildi fyrir vinnslu í viðkomandi fiskvinnslu en ekki að hann verði fluttur annað eða erlendis, sem er satt og rétt.


Fleira ekki rætt.

Fundi slitið kl. 15:40

Að fundi loknum ræddu menn málin og fengu sér veitingar.



Árni Sverrisson, formaður



Páll Ægir Pétursson, fundarritari